

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/8/EB

2008/EES/35/06

frá 27. janúar 2005

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri ⁽¹⁾, einkum l. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir, sem ætlaðar eru í fóður, sem innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Þegar tilskipun 2002/32/EB var samþykkt var tekið fram að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í I. viðauka hennar, skyldu endurskoðuð á grundvelli uppfærðs, vísindalegs áhættumats og með hliðsjón af banni við því að þynna mengaðar afurðir, sem ætlaðar eru í fóður, sem uppfylla ekki ákvæðin.
- 3) Áður en hægt er að ljúka við endurskoðun þessara ákvæða á grundvelli uppfærðs, vísindalegs áhættumats er nauðsynlegt að kveða á um tilteknar breytingar með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.
- 4) Rétt er að skýra nánar hugtakið græn fóður.
- 5) Kalsíumkarbónat er nauðsynlegt og gagnlegt fóðurefni en hætt er við að skortur á því geti komið fram þar eð heildarstyrkur kvikasilfurs er, vegna eðlilegrar bakgrunnsmengunar, nálægt eða yfir hámarksgildinu, sem mælt er fyrir um í I. viðauka tilskipunar 2002/32/EB, og því er rétt að breyta þessu hámarksgildi, að teknu tilliti til þess að kalsíumkarbónat inniheldur kvikasilfur í ólífrænu formi og vísindaneftin um fóður hefur staðfest að kvikasilfur í ólífrænu formi sé verulega minna eitrað en lífrænt bundið kvikasilfur, einkum metýlkvikasilfur.

- 6) Hámarksstyrkur flúrs í öðrum fóðurbæti er 125 mg/kg fyrir hvert 1% af fosfór. Til að vernda umhverfið er fosfórstyrkur fóðurs takmarkaður og niðurbrotshæfni og aðgengi fosfórs er aukið með því að nota ensím á borð við fýtasa. Því á ekki lengur við að fastsetja hámarksstyrkinn við 1% af fosfór heldur skal fastsetja hámarksstyrkinn í fóðurbæti miðað við fóður með 12% rakainnihald.
- 7) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við þetta.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunar-töflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 44. Hennar var getið í ákvæðum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 22.12.2005, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/100/EB (Stjútíð. ESB L 285, 1.11.2003, bls. 33).

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

—————
VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 2. dálki 2. línu, Blý, bætist eftirfarandi neðanmálsgrein við á eftir orðinu grænfóðri:

„(*) grænfóður tekur til afurða, sem ætlaðar eru í fóður, svo sem heys, votheys, grass o.s.frv.“

2. 3. lína, Flúr, breytist sem hér segir:

a) 1. og 2. neðanmálsgrein. falli brott.

b) Í stað orðanna „Steinefnablöndur fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé — 2 000 (¹)“ og „Annar fóðurbætur— 125 (²)“ komi orðin „Fóðurbætur sem inniheldur ≤ 4% fosfór — 500“ og „Fóðurbætur sem inniheldur > 4% fosfór — 125 fyrir hvert 1% af fosfór“.

3. Í stað 4. línu, Kvikasilfur, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
„4. Kvikasilfur	Fóðurefni, að undanskildu:	0,1
	— fóðri sem fellur til við vinnslu fisks eða annarra sjávardýra	0,5
	— kalsíumkarbónati	0,3
	Heilfóður, að undanskildu:	0,1
	— heilfóðri fyrir hunda og ketti	0,4
	Fóðurbætur, að undanskildum:	0,2“
	— fóðurbæti fyrir hunda og ketti	